

**26. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
4. nóvember 2015 og hófst hann kl. 16:00**

Fundinn sátu:

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi, Anna Þóra Þorgilsdóttir varamaður og Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Ingibjörg Pálmadóttir boðaði forföll. Anna Þóra Þorgilsdóttir mætti í hennar stað.

Fyrir tekið:

1. 1511041 - Starfsáætlun Velferðar- og mannréttindasviðs 2016

Lögð fram drög að starfsáætlun Velferðar- og mannréttindasviðs fyrir árið 2016.

Farið yfir drög að starfsáætlun velferðar- og mannréttindasviðs. Velferðar- og mannréttindaráð leggur til að skerpt verði á tímasetningum í áætluninni.

2. 1509212 - Forsendur fjárhagsáætlunar Velferðar- og mannréttindasviðs 2016

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun velferðar- og mannréttindasviðs til umræðu.

Farið yfir drög að áætlun sviðsins. Fram kom að mæta þarf viðbótarfjárbörf vegna nýrra verkefna innan þess ramma sem fram kemur í drögunum. Sviðsstjóra falið að koma tillögum ráðsins að tilfærslum á milli liða til fjármáladeildar skv. umræðum á fundinum.

3. 1510080 - Jafnréttisáætlun Akraneskaupstaðar

Lögð fram drög að jafnréttisáætlun Akraneskaupstaðar 20015-2017.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir jafnréttisáætlun Akraneskaupstaðar 2015-2017. Ráðið felur sviðsstjóra að meta kostnað af áætluninni og víesar henni til bæjarráðs.

4. 1510203 - Uppsögn á starfi

Uppsögn Bylgju Mistar Gunnarsdóttur, forstöðuþroskaþjálfa í Búsetuþjónustu fyrir fatlaða lögð fram til kynningar.


5. 1510097 - Verökönnum á þrifum vegna heimaþjónustu

Kynntar niðurstöður verökönnum vegna þrifa á heimilum í heimaþjónustu.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir að ganga til samninga við lægstbjóðanda.

6. 1510162 - Ósk um aðstöðu fyrir jólasöfnun 2015

Mæðrastyrsnefnd hefur óskað eftir að sveitarfélagið aðstoði nefndina með

36


húsnæði fyrir árlega jólasöfnun. Sveitarfélagið á ekki húsnæði sem hentar fyrir starfsemina og sem ekki er í annarri notkun. Erindið er lagt fram til kynningar.

7. 1511052 - Málstofa um nýsköpun og tækni í velferðarþjónustu 18. nóvember 2015.

Velferðarráðuneyti boðar til málstofu um nýsköpun og tækni í velferðarþjónustu þann 18. nóvember 2015.

Gögn um málstofuna lögð fram til kynningar.

8. 1511058 - Trúnaðarmál

Vísað til trúnaðarbókunar velferðar- og mannréttindaráðs.

9. 1511057 - Trúnaðarmál

Vísað til trúnaðarbókunar velferðar- og mannréttindaráðs.

10. 1511078 - Trúnaðarmál.

Vísað til trúnaðarbókunar velferðar- og mannréttindaráðs.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:15.

A series of handwritten signatures in blue ink, likely from the members of the local council mentioned in the document. The signatures are fluid and cursive, making them difficult to read precisely but clearly represent individual signatures.